

Fundur 24. ágúst 2006

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps haldinn 24. ágúst 2006.

Mættir:

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Hilmar Þór Hafsteinsson, Ingvar Samúelsson, Eygló Kristjánsdóttir, Dís Sverrisdóttir og Karl Kristjánsson. Óskar Steingrímsson reit fundargerð.

Dagskrá:

Umsókn um skólavist í Reykhólaskóla frá nemenda sem ekki á lögheimili í hreppnum.

Ingvar Samúelsson setti fundinn.

Hilmar Þór útskýrði stöðu mála fyrir nefndinni. Af tveimur umsóknum sem teknar voru fyrir á síðasta fundi er önnur felld niður. Eftir stendur umsókn frá Akureyri og var samþykkt að veita þeim nemenda skólavist með fyrirvara um að samningar náist við Akureyrarbæ um greiðslu samkvæmt verklagsreglum Reykhólahrepps.

Dís Sverrisdóttir vék af fundi.

Hilmar Þór vék af fundi.

Leikskólamál rædd.

Ákveðið að fá hugmyndir frá foreldrafélagi leikskólans um hvers konar starfsemi væri hægt að koma á í leikskólanum. Ásta Sjöfn tekur að sér að biðja um fund.

Ákveðið að leita upplýsinga hjá Agli Sigurgeirssyni um tiltekt á leikskólalóð.

Ákveðið að leita upplýsinga um hvaða kröfur hægt er að gera til starfsemi leikskólans.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl.: 17:50.

Ingvar Samúelsson (sign)

Eydís Kristjánsdóttir (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)